

**3501. fundur bæjarráðs, haldinn á Garðavöllum,
12. maí 2022 og hófst hann kl. 09:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2201152 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2022

582. mál til umsagnar - frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (umhverfivæn orkuöflun).

482. mál til umsagnar - frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga (einstaklingar sem flytjast til innan viðskiptafyrirtækis.

530. mál til umsagnar - frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu í þágu barna, snemmtækur stuðningur.

593. mál til umsagnar - frumvarp til laga um sorgarleyfi.

Lagt fram.

2. 2203184 - Aðalfundur 2022 - Sorpurðun Vesturlands hf.

Fundargerðir stjórnarfundar Sorpurðunar Vesturlands frá 7. mars og 4. maí 2022. Fundargerð aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands frá 16. mars 2022.

Lagt fram.

3. 2205065 - Árshlutauppgjör 2022

Árshlutauppgjör janúar - mars 2022

Kristjana Helga Ólafsdóttir deildarstjóri fjármála tekur sæti á fundinum undir dagskrárliðum nr. 3 og nr. 4

Lagt fram.

4. 2202114 - Fjárhagsáætlun 2022 - viðaukar

Sameiginlegur viðauki nr. 7

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 7 sbr. meðfylgjandi bréf og vísar honum til endanlegrar málmeðferðar hjá bæjarstjórn Akraness. Auk tilfærslu á milli deilda felur viðaukinn í sér viðbótarútgjöld umfram áætlun að fjárhæð kr. 2.819.000 sem mætt er með lækkun á áætluðum rekstrarafgangi.

Samþykkt 3:0

Kristjana Helga Ólafsdóttir vikur af fundi.

5. 2204115 - Faxaflóahafnir sameignarfélagssamningur - breytingar

Málið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs þann 28. apríl síðastliðinn en láðist að bóka um vísun málsins til málsmeðferðar bæjarstjórnar.

Bæjarráð samþykkir framlagðar tillögur að breytingum á sameignarfélagssamningi Faxaflóahafna og eigendastefnu fyrirtækisins og vísar málinu til endanlegrar málsmeðferðar bæjarstjórnar Akraness.

Samþykkt 3:0

6. 2203171 - Briet Leigufélag - beiðni um samstarf við úrlausn húsnæðismála

Fyrir liggja drög að samkomulagi við Bestla (byggingaraðila mannvirkjanna að Þjóðbraut 3 og 5) vegna fyrirhugaðra kaupa á samtals 10 íbúðum þar sem 9 þeirra verða hluti af almenna íbúðakerfinu skv. lögum nr. 52/2016 í samvinnu við Brák hses., sem Akraneskaupstaður er stofnaðili að, en gert er ráð fyrir að 1 íbúð (starfsmannaíbúð vegna þjónustu við íbúa í hinum 9 íbúðunum) verði í eigu Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins og fullvinnslu gagna í samvinnu við Bestla og Brák hses.

Samþykkt 3:0

7. 2204169 - Skógarhverfi 3C og 5, úthlutun lóða

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 5. maí síðastliðinn fyrirkomulag varðandi fyrirhugaða úthlutun lóða í Skógarhverfi 3C og 5.

Í ljós kom þann 6. maí síðastliðinn að mögulegur dráttur yrði á byggingarhæfi lóða þannig að endurskoða þyrfti ákvörðun bæjarráðs.

Málið var tekið fyrir á bæjarstjórnarfundi þann 10. maí og afgreiðslu málsins frestað.

Vegna óvissu um tímasetningu á byggingarhæfi lóðanna í Skógarhverfi 3C og 5 tekur bæjarráð þá ákvörðun að falla frá samþykkt sinni frá 5. maí síðastliðnum.

Ný ákvörðun varðandi tímasetningar og greiðslufyrirkomulag verður tekin eins fljótt og unnt er og upplýsingar berast Akraneskaupstað frá Veitum ohf.

Samþykkt 3:0

8. 2203220 - Tjaldsvæði í Kalmansvík

Gögn hafa borist frá Landamerki ehf. varðandi hæfi og eru yfirfarin. Drög að samningi liggja einnig fyrir.

Bæjarráð samþykkir samning Akraneskaupstaðar og Landamerkja ehf. um rekstur tjaldsvæðisins í Kalmansvík tímabilið 1. júní 2022 til og með 30. apríl 2024, með tilteknum athugasemdum varðandi eftirlit og samskipti á samningstíma.

Bæjarstjóra falinn frágangur málsins til samræmis við framangreint.

Samþykkt 3:0

9. 2205066 - SKógarlundur 7 - umsókn um byggingarlóð

Umsókn Brynju Hússjóðs ÖBÍ um einbýlishúsalóð að Skógarlundi 7.
Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar til umsækjanda.

Samþykkt 3:0

10. 2203064 - Styrkir til íþróttá- og menningartengdra verkefna 2022

Á fundi menningar- og safnanefndar var samþykkt að vísa tillögum nefndarinnar um styrkveitingar að upphæð samtals 3.650.000 kr til afgreiðslu bæjarráðs sem fer með endanlega ákvörðun úthlunnar.

Bæjarráð samþykkir tillögu menningar- og safnanefndar um úthlutun styrkjanna, samtals að fjárhæð kr. 3.650.000. Úthlutunin er eftirfarandi:

1. Docfest (hátið heimildarkvikmynda), kr. 400.000
2. Skaginn syngur inn jólin (jóladaatal), kr. 350.000
3. Frostbiter kvikmyndahátið, kr. 200.000
4. Ganga - fjara og fjall, söguganga um Skaga á Jónsmessu, kr. 50.000
5. Karlakórinn Svanir, kr. 100.000
6. Kellingar, ganga um Akranes þar sem fallað verður um sjósókn og það sem henni tengist, kr. 100.000
7. Kór Akraneskirkju Tónverkið Requiem, kr. 250.000
8. Skagarokk, tónleikar til að minnast Skagarokks '92, kr. 250.000
9. Leikhópurinn Skítþró með tónleikasýninguna "Félagsleg endurhæfing", kr. 300.000
10. Heimaskagi 2022, tónleikar á ýmsum stöðum í bænum, kr. 250.000
11. Þyrlurokk "90, heimildarmynd, kr. 250.000
12. Myndlistasýning á vökudögum, kr. 200.000
13. Photostitch myndir/innrömmun, kr. 100.000
14. Menningarvitar, kr. 250.000
15. Travel Tunics, tónlistarviðburðir, kr. 150.000
16. Tónleikahald, kr. 150.000
17. Jólatónleikar söngdætra Akraness/Menningarfélagið Bóhem, kr. 300.000

Samþykkt 3:0

11. 2204202 - Keilufélag Akraness, Keilusalur, Vesturgötu 130 - Umsagnarb.rek.V.II

RÓ vikur af fundi undir þessum lið.

Akraneskaupstaður gerir ekki athugasemdir við leyfisveitinguna, með þeim fyrirvara að slökkviliðsstjóri og byggingarfulltrúi veiti jákvæða umsögn og að uppfylltum þeim skilyrðum sem þar kunna að sett fram.

Samþykkt 2:0

RÓ tekur sæti á fundinum á ný.

12. 2201150 - Hleðslustöðvar - samningur

Málið hefur verið til rýningar í stjórnsýslunni og hjá ytri ráðgjafa vegna samkeppnissjónarmiða o.fl.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að leita tilboða í þjónustuna út frá afhendingartíma og verðlagningu.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:10.